



Ný skólanefnd kom saman til fundar miðvikudaginn 24. febrúar. Skólanefndin hittist á heimavist skólans kl. 13.00 og borðaði hádegisverð saman, síðan var húsnæði skólans, heimavist, verknámshús og bóknámshús skoðað, að því loknu hófst fundur skólanefndar í stofu 301.

Dagskrá:

1. Kjör formanns skólanefndar
2. Skólahald vorannar
 - Nemendatölur
 - Mannahald
3. Félagslíf nemenda
4. Fjármál
5. Önnur mál

Afgreiðslur:

Ingileif skólameistari setti fund.

1. Sigurjón Rúnar Rafnsson var kjörinn formaður skólanefndar. Þakkaði Sigurjón fyrir traustið og fyrir skoðunarferð um húsnæðis skólans og var hún mjög fróðleg.
2. Kristján áfangstjóri sagði frá nemendatölum vorannar 2021, en 576 nemendur eru skráðir til náms við skólann. Fór hann yfir skiptingu nemenda eftir brautum, aldri, kyni og búsetu. Einnig sagði hann frá helganámi í húsasmíði, rafvirkjun og húsgagnasmíði og meistaranámi iðngreina á kvöldin. Ingileif sagði frá breytingum á mannhaldi á vorönn 2021, við skólann starfa 66 starfmenn. Meðalstarfsaldur innan skólans er 12,96 ár. Rætt var um fullorðinsfræðslu.
3. Birgitta Björt Pétursdóttir forseti NFNV, sagði frá félagslífi nemenda og hvað það hefur verið erfitt vegna Covid, en þau hafa verið með bílabíó og marga smærri viðburði, núna er verið að sýna leiksýninguna Footloose, einnig var haldin söngkeppni NFNV, opnir dagar verða haldnir í mars. Ingileif lýsti ánægju sinni með stjórn nemendafélagsins, Árni Gunnarsson tók undir það og þakkaði NFNV störfina í vetur við erfiðar aðstæður. Skólanefnd tók undir þessar þakkir.
4. Guðrún fjárhaldsmaður fór yfir fjármál skólans vegna 2020 og til samanburðar árið 2019. Rekstarkostaður 2020, var kr. 846.018.169 frá dragast sértekur kr 94.191.937, gjöld umfram sértekjur eru því 751.826.232. Framlag ríkissjóðs er 779.953.240. Afgangur ársins 2020 er því 28.127.008. höfuðstóll 31.12.2020 er 79.379.156 Fjárfestingar koma til frádráttar 45.948.763, Afgangur ársins 2019 og 2020 er því 33.430.393. Þessi niðurstaða er með fyrirvara um endanlegur ársreikningu fyrir árið 2020 liggur ekki fyrir. Fjárlög vegna 2021 liggja fyrir en þau eru, 824,3 mkr. með fjárfestingarframlaginu. Styttning vinnuvikunar hefur ekki haft aukinn kostnað í för með sér fyrir skólann. Skólanefnd þakkaði fyrir góðan árangur í fjármálum skólans.



5. Önnur mál:

Spurt var um kynningarmál skólans og hvernig nemendur af Norðurlandi vestra skili sér til náms við skólann. En 50-65% af nemendum úr grunnskólum á Norðurlandi vestra hafa skilað sér til náms við skólann. Skólanefndarmenn eru sammála um eftir skoðunarferð um skólann að mikil þörf er á viðbyggingu við verknámshús. Ljóst er að kennarar og starfslíð skólans hafa sýnt mikið frumkvæði við að leita lausna svo öll kennsla rúmist innan veggja FNV til þess að hægt sé að sinna eftirspurn nemenda eftir plássi.

Fleira ekki gert, fundi slitið,
Fundargerð ritaði: Helga Sigurðardóttir
Mættir voru:
Árni Gunnarsson,
Ásta Pálmadóttir,
Sigurjón Rúnar Rafnsson,
Ingveldur Ása Konráðsdóttir,
Einar Eðvald Einarsson,
Ingibjörg Huld Þórðardóttir,
Kristjana E. Jónsdóttir,
Gunnar Tryggvi Halldórsson,
Regína Valdimarsdóttir,
Sigulaug Dóra Ingimundardóttir,
Birgitta Björt Pétursdóttir,
Þorkell V. Þorsteinsson,
Ingileif Oddsdóttir,
Kristján Bjarni Halldórsson,
Aðalheiður Reynisdóttir,
Guðrún Ottósdóttir.